

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað „7,5% vörugjald“ í 2. tölul. greinarinnar kemur: Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
- b) Í stað „25%“ í 5. tölul. greinarinnar kemur: 20%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað „14%“, „16%“ og „21%“ í töflu í 4. tölul. koma: 10%, 12% og 17%.
- b) Í stað „10%“ í 5. tölul. 23. gr. kemur: 5%.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Marianna Jónasdóttir.

Nr. 921

29. desember 1999

AUGLÝSING

um námskrá fyrir almenn ökuréttindi.

Með vísun til 3. mgr. 26. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997, hefur ráðuneytið staðfest námskrá fyrir almenn ökuréttindi (ökuréttindaflokk B - fólksbifreið/sendibifreið).

Ákvæði námskrárinnar skulu taka gildi 1. febrúar 2000, þó þannig að ökupróf skulu fara fram á grundvelli námskrárinnar frá 1. maí 2000.

Frá sama tíma fellur úr gildi námskrá til undirbúnings almennu ökuprófi sem Bifreiða-
eftirlit ríkisins gaf út 25. febrúar 1988.

Ökunemar sem hefja ökunám hjá ökukennara fyrir 1. febrúar 2000 mega ljúka ökunámi og gangast undir ökupróf samkvæmt núgildandi reglum til loka maímánaðar 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.